



Fundargerð

ÍBÚAFUNDUR FLJÓTSDÆLINGA

um sameiningu sveitarfélaga og afnám lýðræðis á landsbyggðinni

Végarður, þriðjudaginn 21. október 2025

Dagskrá:

1. Fundur settur - Hugvekja um samfélagið í Fljótssdal – Urður Gunnarsdóttir fundarstjóri
2. Ávarp oddvita - Áskorun 19 sveitarfélaga til innviðaráðherra lesin upp – Jóhann F. Þórhallsson oddviti
3. Sameiningar sveitarfélaga í fortíð og nútíð - Þróstur Friðfinnsson sveitarstjóri Grýtubakkahrepps
4. Drög að frumvarpi innviðaráðherra til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum – Lögbvinguð sameining - Kristinn Bjarnason lögmaður Fljótssdalshrepps.
5. Umræður

1. Urður Gunnarsdóttir, fundarstjóri.

Urður kynnti dagskrá og flutti hugvekjuna um samfélagið okkar hér í Fljótssdal. Þrátt fyrir smæðina er samfélagið okkar auðugt og fjölbreytt, hér er vel tekið á móti nýbúum, íslenskum sem erlendum og er það styrkur okkar Fljótssdælinga sem lítils samfélags að stór hluti íbúa leggur sitt af mörkum til samfélagsins, hvort sem það er að sitja í nefndum eða taka þátt í þorablótsundirbúningi.

Eins og gefur að skilja þarf svo lítið sveitarfélag að takast á við ýmsar áskoranir en með því að halda góðum og mikilvægum gildum á lofti eins og samheldni, samfélagsvitund og öryggi, sköpum við samfélag þar sem hver og einn íbúi skiptir máli. Þó er ómögulegt að segja hvernig við verðum samsett eftir 1-2 áratugi. Hvort við náum að laða til okkar nýtt fólk í krafti þess að það sem fæst með búsetu í sveit eru þau gildi sem gera okkur hamingjusöm er ekki gott að segja.

Hvað gerist við sameiningar þar sem lítil byggðalög ganga inn í stórt sveitarfélag? Það gerist alls konar. Í sumum tilvikum hefur þetta þýtt algera lífsbjörg illra staddra byggðalaga en í öðrum tilfellum standa þau uppi verr sett en áður. Það eru því bæði kostir og gallar við slíka sameiningu, en er ekki aðalmálið að við fáum að ráða því sjálf?

Skilaboðin sem við fáum nú er sú að við skiptum ekki máli, erum bara aukastærð og ekki einu sinni íbúar þess sveitarfélags sem eiga að taka við okkur, hafa neitt um málið að segja. Hvers vegna mega ekki minni sveitarfélög halda sjálfstæði sínu á meðan þeim er það kleift?

2. Jóhann Frímann Þórhallsson, oddviti.

Jóhann fór yfir drög að frumvarpi innviðaráðherra um breytingar á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, þar sem m.a. er sett fram sú tillaga að ráðherra skuli eiga frumkvæði að sameiningu sveitarfélaga sem eru með færri en 250 íbúa, nema sérstakar aðstæður mæla því mót og að sameining verði lokið við sveitarstjórnarkosningar 2026.

Veturinn 2020-2021 var einnig lagt fram frumvarp um lögbvingun á sameiningu sveitarfélaga, en þá horft til þeirra sem höfðu 1000 íbúa eða færri. 20 sveitarfélög mótmæltu því lýðræðisafnámi og fékk frumvarpið mikla gagnrýni sem varð til þess að fallið var frá áformum um lögbvingun.

Það kom því mjög á óvart þegar seinni part sumars fór að heyrast að til stæði að fara af stað á ný með lýðræðisafnám og lögbvingun á fámenn sveitarfélög. Í ljósi þessa aðdraganda og skamma tíma sem er til stefnu þá ákvað sveitarstjórn Fljótsdalshrepps að boða til þessa fundar, bæði til að kynna fyrir íbúum hver staðan væri og svo hins vegar að heyra skoðun íbúa á málinu.

Í byrjun október síðastliðinn funduðu fulltrúar 19 sveitarfélaga sem hafa allt að 1000 íbúa, og sendu í kjölfarið frá sér eftirfarandi áskorun á innviðaráðherra.

Sameiginlegur fundur sveitarfélaga með íbúa færri en 1.000 skorar á innviðaráðherra að draga til baka tillögu innviðaráðuneytis um afnám íbúalýðræðis sem felast í drögum að nýjum sveitarstjórnarlögum sem nú liggja fyrir samráðsgátt stjórnvalda.

Sveitarfélögin fordæma þá vegferð stjórnvalda að svipta íbúa fámennustu sveitarfélaga landsins réttinum til að taka ákvörðun um tilvist sveitarfélags síns með því að fyrirskipa sameiningar. Með þessu er helgasti réttur sveitarstjórnarstigsins, íbúalýðræðið, afnuminn og valtað yfir ákvörðunarvald sveitarfélaga, ekki aðeins hinna minnstu, heldur einnig þeirra sveitarfélaga sem þeim verður uppálagt að sameinast. Verði ráðherra veitt vald til þess að hlutast til um sameiningu sveitarfélaga með þessum hætti er gerður að engu sá réttur íbúa til þess að kjósa sér fulltrúa til þess að fara með umboð og málefni viðkomandi sveitarfélags. Um er að ræða skref sem grefur undan lýðræði og hlutverki kjörinna fulltrúa.

Sveitarfélögin sem að þessari áskorun standa mótmæla harðlega þessum frumvarpsdrögum þar sem þau svipta sveitarfélög sjálfsákvörðunarrétti sínum og íbúa lýðræðislegum réttindum.

Frumvarpið sýnir mikla óvirðingu við íbúa minni sveitarfélaga og ópolinmæði gagnvart þróun sem er í gangi. En nokkur af fámennustu sveitarfélögunum hafa þegar sameinast eða samþykkt sameiningu, s.s. Akrahreppur, Skagahreppur, Svalbarðshreppur og Skorradalshreppur. Önnur eiga í viðræðum á misjöfnu stigi og getur frumvarpið haft afar neikvæð áhrif á anda þeirra viðræðna og mögulegra sameininga.

3. *Pröstur Friðfinnsson, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps*

Pröstur fór yfir ýmsar sameiningar sveitarfélaga í fortíð og nútíð. Árið 1950 voru 229 sveitarfélög á landinu og 70 árum síðar árið 2020 hafði þeim fækkað niður í 70.

Tillögur að sameiningum sveitarfélaga hafa í gegnum tíðina fylgt hátíðleg loforð, þá sérstaklega hvað varðar samgöngubætur, sem oftast en ekki gengu ekki eftir og dæmi eru um að minnstu samgöngubæturnar á landinu voru í sameinuðum sveitarfélögum.

Árið 2017 var Eyrúnarskýrslan svokölluð afhent samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra en hún fór yfir stöðu og framtíð íslenskra sveitarfélaga. Þar var lagt fram að íbúalágmark yrði í áföngum 1000 en ekkert í skýrslunni rökstuddi þessa tölu. Í kjölfarið einkenndist sameiningarumræðan af klisjum, röngum fullyrðingum og vanþekkingu ráðuneytis og ráðherra á málefnum landsbyggðarinnar.

Árið 2019 var lögð fram á Alþingi tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga. Áætlunin var í 11 liðum, þar sem fyrsti liður lagði til að íbúalágmark yrði 1000. Á auka landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga haustið 2019 var stuðningur við tillöguna samþykktur en Pröstur gagnrýndi framlagningu og afgreiðslu málsins, þar sem það var t.a.m. ekki kynnt á þinginu fyrr en rétt fyrir afgreiðslu á þinginu. Í framhaldinu var kynntur almennur stuðningur sveitarfélagsstigsins við íbúalágmarkið. Hefði málið verið unnið af heilindum hefði sú raunin að öllum líkindum ekki orðið.

Á landsþingi Sambands sveitarfélaga í desember 2020 var sett fram tillaga 20 sveitarfélaga sem studdi sameiningar og eflingu sveitarfélags stigsins, en hafnaði hins vegar lögbvinguninni. Tillagan hlaut mun meiri hljómgrunn en margir bjuggust við og var naumlega felld. Óhætt er að fullyrða að meirihluti sveitarfélga studdi tillöguna en á þinginu höfðu sveitarfélögin Reykjavík og Akureyri t.d. jafnmörg atkvæði og þau 20 sveitarfélög sem lögðu tillöguna fram. Þetta varð til þess að ráðherra hvarf frá lögfestingu íbúalágmarks.

Í kjölfarið á tillögu nýs innviðaráðherra um breytingar á sveitarstjórnarlögum núna í ár bárust 46 umsagnir í Samráðsgátt þar sem enginn stuðningur er við 250 íbúa lágmark sveitarfélaga og almenn andstaða frá sveitarstjórnarstiginu.

Í lokin benti Pröstur á að endalaust sé hamrað á því að sameiningar eigi að vera lausn á fullt af vandamálum sem þær hafa svo engin áhrif á. Sameiningar sem

slíkar breyta engum forsendum í samfélaginu. Til að mynda sterkt samfélag þarf öflugt atvinnulíf, góða þjónustu og sterka og fallega umgjörð. Stærð sveitarfélaga hefur ekkert með þessa þætti að gera en saman skapa þeir stolta og sjálfstæða íbúa, sama hversu fáir eða margir þeir eru.

4. *Kristinn Bjarnason, lögmaður Fljótsdalshrepps*

Kristinn fór yfir drög að frumvarpi um breytingar á sveitarstjórnarlögum. Í vor kynnti innviðaráðuneytið áform sín um almenna endurskoðun sveitarstjórnarlagana. Um sameiningu sveitarfélaga sagði í kynningunni að áfram yrði stefnt að því að lágmarks íbúafjöldi sveitarfélaga verði 1000 en hvergi vikið að áformum um lögðvingaða sameiningu sveitarfélaga með færri íbúa en 250. Þegar drög að frumvarpinu voru birt í samráðsgátt í september síðastliðnum var þó búið að bæta því við í nýju ákvæði.

Í frumvarpinu er m.a. tillaga að sem segir að ef íbúafjöldi er lægri en 250 1. janúar ár hvert skv. tölum Hagstofu Íslands skal ráðherra eiga frumkvæði að því að sameina það aðliggjandi sveitarfélagi. Það er greinilegt að ný ákvæði eru allt of matskennd og fela jafnvel í sér mótsagnakennd viðmið sem ekki er annað hægt en að skilja að ráðherra verði unnt að framkvæma að eigin geðþótta.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps skilaði umsögn og lagðist m.a. eindregið gegn ákvæðum sem fælu í sér afnám íbúalýðræðis í fámennum sveitarfélögum og sameiningu sveitarfélaga með lögþvingun og valdboði mótmælt.

Fyrirhugað er að frumvarpið öðlist gildi 1. janúar næstkomandi. Það má með sanni segja að það sé með ólíkindum ef keyra á slík lög í gegnum haustþingið til að hægt sé að eyða örfáum fámennum sveitarfélögum nánast fyrirvaralaust.

5. *Umræður*

Þrátt fyrir að stjórnvöld haldi öðru fram þá getur stjórnsýsla vel verið fagleg innan fámennari sveitarfélaga. Fyrirhugaðar breytingar og viðbætur á sveitarstjórnarlögum hvað varðar lögþvingaðar sameiningar eru meingallaðar og þau rök sem stjórnvöld hafa sett fram með frumvarpinu halda engan vegin vatni.

Framlög úr jöfnunarsjóði hafa t.a.m. verið stór rök ráðherra í að koma áfram frumvarpi sínu, en eftir að Tjörneshreppur hafnaði 250 millj. kr. framlagi sem var eignað þeim, hefur það algerlega fallið um sjálft sig.

Það er blátt áfram galið að ætla að keyra slíkt frumvarp í gegn á örskömmum tíma með nánast engum fyrirvara og algjörlega óboðlegt.

Samkvæmt 78. gr. Stjórnarskrár Íslands skulu sveitarfélög ráða sjálf málefnum sínum “eftir því sem lög ákveða” og það ákvæði verið túlkað þannig að Alþingi geti sett almennar reglur en ekki gengið svo langt að afnema raunverulegt sjálfstæði sveitarfélaga. Í 5. gr. Evrópusáttmálans um sjálfstjórn sveitarfélaga segir að “við allar breytingar á sveitarfélagamörkum skal ráðgast við viðkomandi sveitarfélög”. Ekki er hægt að túlka þetta á annan hátt en svo að ráðherra ætli sér

að ganga í berhögg bæði við Stjórnarskrá Íslands og Evrópusáttmálann sem Ísland hefur fullgilt.

Aðrir þættir í frumvarpinu flækja vinnu sveitarfélaga og hægt að leiða líkum að því að það sé hugsað til þess að íþyngja minni sveitarfélögum en þá má einnig benda á að þetta íþyngir stærri sveitarfélögum líka sem eru mörg hver nú þegar að drukkna í þessari miklu “bjúrókrasíu”.

Helgi Gíslason, sveitarstjóri Fljótsdalshrepps, lagði að lokum fram tillögu að ályktun og var hún samþykkt með handauppréttingum af öllum viðstöddum svohljóðandi:

Ályktun íbúafundar Fljótsdælinga í Végarði 21. október 2025.

Íbúafundur Fljótsdælinga hafnar með öllu þeirri aðför innviðaráðherra að tilveru Fljótsdalshrepps sem birtist í drögum að frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum.

Fundurinn krefst þess að stjórnarskrárvarin sjálfstjórn sveitarfélagsins verði virt svo og lýðræðislegur réttur íbúa til að ráða málefnum þess.

Fundurinn mótmælir harðlega ráðagerð um að innviðaráðherra verði fengið vald til að þvinga sveitarfélög til sameiningar óháð vilja kjörinna fulltrúa og íbúa viðkomandi sveitarfélaga.

Fundarstjóri var Urður Gunnarsdóttir og ritari Helga Eyjólfsdóttir. Fundargestir hátt í 50 manns. Fundur settur 18:07 og slitið 21:05.